



Fjölskyldusvið Garðabæjar
Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir
Sviðstjóri fjölskyldusviðs

Reykjavík 20. desember 2019

Efni: Beiðni um fjárhagslegan styrk til Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis.

Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, þakkar Garðabæ fyrir veittan styrk á árinu 2019 og óskar um leið eftir áframhaldandi stuðningi á árinu 2020.

Bjarkarhlíð er nú varanlegt úrræði frá áramótum 2019 fyrir þolendur ofbeldis af öllu landinu. Bjarkarhlíð heldur starfseminni óbreyttri áfram sem sjálfstæð félagasamtök með áframhaldandi aðkomu þeirra samstarfsaðila sem komið hafa að verkefninu.

Eftirspurn eftir þjónustu í Bjarkarhlíð er mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi en á árinu 2017 komu alls 316 mál á borð Bjarkarhlíðar. Árið 2018 komu 479 og árið 2019 fer talan yfir 555 ný mál sem komið hafa á borð Bjarkarhlíðar, sem sýnir fram á aukna þörf fyrir þjónustu í þeirri umgjörð sem Bjarkarhlíð býður. Þá hafa samstarfsaðilar sem veita þjónustu og ráðgjöf í Bjarkarhlíð aukið viðveru til þess að anna eftirspurn.

Til Bjarkarhlíðar leita einstaklingar af öllu landinu en flestir koma af höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2019 komu 312 frá Reykjavík, 59 frá Kópavogi, 54 frá Hafnarfirði, 17 frá Garðabæ, 22 frá Mosfellsbæ og 1 frá Seltjarnarnesi. Mesta aukning hefur orðið meðal einstaklinga frá Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Þá hafa um helmingur einstaklingar leitað til lögreglunnar í Bjarkarhlíð, sem veitir einstaklingum upplýsingar og ráðgjöf varðandi meðferð mála í réttarvörslukerfinu.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar óskar þar af leiðandi eftir áframhaldandi stuðningi nærliggjandi sveitarfélaga. Allar félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu þekkja vel til Bjarkarhlíðar og hafa vísað skjólstæðingum sínum á þá þjónustu sem stendur þar til boða. Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis hefur verið starfrækt frá 2. mars 2017. Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins,

lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í Bjarkarhlíð starfa tveir félagsráðgjafar sem veita stuðning og ráðgjöf en velferðarráðuneytið hefur fjármagnað þær stöður. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til stöðu rannsóknarlögreglukonu með fasta viðveru á opnunartíma. Grasrótarsamtök eru einnig með reglulega viðveru á staðnum og veita einstaklingum stuðning og ráðgjöf, sem nemur u.þ.b. einu stöðugildi. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, búnað og stendur straum af rekstrarkostnaði hússins.

Það er von okkar að Garðabær sjái sér fært að styrkja áfram þetta mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllst,

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri Bjarkarhlíðar.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, formaður framkvæmdarstjórnar Bjarkarhlíðar.